

# **Námsvísir: Myndmennt í Hvolsskóla á miðstigi skólaárið 2008 – 2009**

**Kennari:** Sigrún Jónsdóttir

## **Markmið skóla og nemenda**

Læsi barna er samfléttað úr lestri leturs, tákna og mynda. Þau lesa sitt nánasta umhverfi á ólíka vegu og verður í vetur fengist við að skoða, skrá, skilja og túlka umhverfið með ýmsum efnum og aðferðum. Stefnt er markvisst að því að efla hæfileika nemenda til sjálfstæðrar vinnu sem og samvinnu við aðra. Þjálfuð verður leikni í teikningu, lítafræði, málun, mótun og fleiri listrænum þáttum. Samþætting verður við aðrar námsgreinar á stiginu s.s. í vinnu með áhugasviðsverkefni, sköpun myndverka og könnun á íslenskum og erlendum listamönnum og stefnum. Mikil áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð, meðferð efna og sköpunargleði.

Sjá nánar um markmið í *Aðalnámsskrá grunnskóla*: Listgreinar frá 1999 og 2007.

## **Kennsluáðferðir og leiðir að markmiðum**

Kennt verður í smiðjum. 4. -6. bekkur eru í átta blönduðum hópum og er hverjum hópi kennt í 90 mínútur í senn, tvisvar í viku í 8 vikur í senn hvora önn. Myndmenntakennari kemur einnig inn í kennslu á miðstigi tvisvar í viku. Kennsluáðferðir verða m.a. útikennsla, upplifunaraðferðir, sýnikennsla, sjónsköpun, rannsóknir, námsleikir og verkleg kennsla.

## **Námsgögn**

Myndmennt 1 og 2, myndmiðlar, listaverkabækur, tölvuforrit og gagnvirkt efni af vef. Pappír og litir af ýmsu tagi, verðlaust efni o.fl.

## **Námsmat**

Verkmöppur, gátlistar, sjálfsmat og frammistöðumat. Leitast verður við að hafa námsmat fjölbreytt og á forsendum hvers nemanda.